

## Kirkjuþing 2021-2022 16. Mál – umsögn

**Í fyrsta kafla 16.máls er fjallað um söfnuði á þennan hátt:** ■Söfnuður er sjálfstæð félagsleg og fjárhagsleg grunneining þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað.

Síðan er fjallað um landfræðilegar sóknir, sem geta sameinast í prestaköll.

Spurningin er: Hvað með söfnuði sem starfa á lútherskum grunni innan þjóðkirkjunnar og eru ekki landfræðileg eining?

Hér má nefna Kvennakirkjuna, Kirkju heyrnarlausra og Alþjóðlega söfnuðinn í Breiðholtskirkju. Þessir söfnuðir eiga ekki hlutdeild í sóknargjöldum en halda utan um ákveðinn hóp innan þjóðkirkjunnar. Með sérstakri prestþjónustu, sem er tileinkuð þessum kirkjum, er unnt að uppfylla allt það sem kveðið er á um í 2. Kafla frumvarpsins. Það er því mikilvægt að velja fyrir sér hvort rétt sé að leyfa þessum söfnuðum, með ákveðinni reglugerð, að fá ákveðið sjálfræði og hlutdeild í sóknargjöldum sinna meðlima. Það myndi gefa þessum söfnuðum eðlilega stöðu innan kirkjunnar með safnaðarstjórn og möguleika á að hafa fulltrúa á héraðsfundum. Slíkt myndi einnig létta á sjóðum kirkjunnar sem nú standa að öllu leiti undir rekstri safnaðarstarfs, án þess þó að nokkrar reglur séu utan um starfið annað en það sem að prestum lýtur.

Með fyrirfram þökk,

Magnús Björn Björnsson, prestur í Breiðholtskirkju